

FJÖLMENNINGARRÁÐ

Ár 2024, þriðjudaginn 26. nóvember var haldinn 75. fundur fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl.15.04. Fundinn sátu Magnea Gná Jóhannsdóttir, Monika Gabriela Bereza, Milan Chang Gudjonsson og Mouna Nasr. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 2. mál sl. 4. mgr. 44. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Helgi Áss Grétarsson. Aleksandra Kozimala ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 21. nóvember 2024, um að Helgi Áss Grétarsson taki sæti í fjölmeningarráði í stað Birnu Hafstein. MSS22060054
2. Fram fer umræða um fund mannréttinda- og ofbeldisvarnaráðs með samráðsnefndum sem verður haldinn 28. nóvember nk. MSS23010102
3. Fram fer umræða um Alþjóðlegan dag innflytjenda. MSS24110153
Samþykkt að halda næsta fund fjölmeningarráðs þann 18. desember á alþjóðlegum degi innflytjenda.
4. Fram fer kynning skóla- og frístundasviðs um tölfræði nemenda grunnskóla og leikskóla Reykjavíkurborgar.

Saga Stephensen tekur sæti á fundinum undir þessum lið. MSS24110154

5. Fram fer kynning skóla- og frístundasviðs um skýrslu starfshóps um aðgerðaáætlun gegn rasisma í skóla- og frístundastarfi. SFS22080225

Fjölmeningarráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Fjölmeningarráð þakkar fyrir kynningu á aðgerðaráætlun gegn rasisma í skóla- og frístundastarfi. Fjölmeningarráð fagnar vinnu sem nú er hafin á verklagi til að bregðast við rasisma í skóla- og frístundastarfi og vonar að innleiðing verklagsins gangi hratt fyrir sig. Öll börn og ungmenni óháð uppruna, stöðu og stétt eiga að upplifa sig velkomin í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar og því er mikilvægt að verklag til að bregðast við rasisma sé skýrt og ávallt sé unnið eftir því. Þá imprar Fjölmeningarráð á mikilvægi forvarna gegn rasisma í skóla- og frístundastarfi og hvetur skóla- og frístundaráð til að fylgja innleiðingunni vel eftir og veita þau verkfæri og þann stuðning sem þarf í innleiðinguna ásamt fjármagni sem þarf til þess að sinna forvörnum gegn rasisma.

Saga Stephensen tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Fjölmeningarráð leggur fram svohljóðandi ályktun:

Ísland er fjölmeningarsamfélag og mikilvægt er að framtíðar starfsfólk í skóla- og frístundastarfi sé undirbúið til þess að starfa með nemendum með fjölbreyttan bakgrunn. Því leggur Fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar áherslu á aukna fræðslu um rasisma og ólíka menningarheima fyrir nema í tómsunda- og frístundafræði og kennaranámi. Öll börn og ungmenni óháð uppruna, stöðu og stétt eiga að upplifa sig velkomin í skóla-

og frístundastarf og því er mikilvægt að þekking fagfólks um birtingarmyndir og viðbrögð rásisma séu til staðar sem og þekking á ólíkum menningarheimum. MSS24110179
Samþykkt.

7. Fram fer kynning mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu um verkefnið Ungir leiðtogar.

Guðný Bára Jónsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. MSS24030087

Fundi slitið kl. 16.15

Helgi Áss Grétarsson
Monika Gabriela Bereza

Magnea Gná Jóhannsdóttir

Mouna Nasr
Milan Chang Gudjonsson